

310. fundur

Mánudaginn 5. maí 2025, kl. 14:00 kom verðlagsnefnd búvara saman í atvinnuvegaráðuneytinu. Fundinn sátu: Tryggvi Þór Herbertsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Hálf dán Óskarsson, Hrannar Már Gunnarsson, Rafn Bergsson, Pálmi Vilhjálmsson, Steinunn Bragadóttir og Sigurbjörg Ottesen. Þá sat einnig fundinn Arnar Freyr Einarsson, ATRN.

Þetta gerðist á fundinum.

Formaður tók eftirfarandi fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Verðlagsgrundvöllur kúabús

Farið yfir þróun verðlagsgrundvallar kúabús frá síðustu verðlagningu, sem tók gildi 17. febrúar og byggði á verðlagsgrundvelli desembermánaðar. Kostnaðarliðir hins nýja verðlagsgrundvallar hafa hækkað um 1,90% frá desember 2024 til mars 2025. Byggir sá útreikningur á nýjustu gildum þeirra vísitalna sem notaðar eru til framreiknings verðlagsgrundvallar, þ.e. vísitölugildi frá desember til mars. Framreikningur verðlagsgrundvallar byggir á þróun vísitalna og reglulegri verðkönnun á fódri, áburði og sáðvöru. Mestu áhrif til hækkunar eru vegna 3,5% hækkunar á launavísitölu en um 3/4 hækkunar gjaldaliða verðlagsgrundvallar er tilkomin vegna hækkunar launavísitölu, sem hefur áhrif á útreikning launa, verktöku við fóduröflun, dýralæknakostnað og aðra aðkeypta þjónustu. Áhrif hækkunar á fódurkostnaði eru 7% og afskrifta 9%. Aðrir liðir vega minna. Lækkun fjármagnskostnaðar hefur -6% áhrif til lækkunar og -10% er vegna verðlækkunar á áburði.

2. Iðnaðarlíkan

Farið yfir þróun vinnslu- og dreifingarkostnaðar afurðastöðva frá síðustu verðlagningu sem tók gildi 17. febrúar, en hún byggði á niðurstöðum iðnaðarlíkans í desember. Frá desember 2024 til mars 2025 er hækkunarpörf iðnaðarlíkans metin 2,03%. Vinnslu- og dreifingarkostnaður afurðastöðva hækkar um 2,03% en helstu kostnaðarliðir sem vega þyngst í þeirri hækkunarpörf eru að launakostnaður hækkar um 3,1% á tímabilinu en sú hækkun vegur um 53% af heildarhækkuninni í verðmætum talið. Raforka og vatn hækka samanlagt um um 14,6% í kostnaðarhækkun og þar af raforka sem ein og sér hækkar um 17,3%. Þessar hækkanir raforku og vatns vega um 28% af heildarhækkunarpörf vegna vinnslu- og dreifingarkostnaðar. Sá liður í vinnslu- og dreifingarkostnaði sem lækkar á tímabilinu er fjármagnskostnaður, en hann lækkar um -6,8% sem dregur niður heildarhækkunarpörf um -7,4%. Aðrir liðir breytast mun minna.

3. Verðákvörðun

Að loknum umræðum um niðurstöður verðlagslíkana og þróun kostnaðarliða síðustu mánuði var lögð fram tillaga um hækkun lágmarksverðs og heildsöluverðs. Lagt til að lágmarksverð til bænda yrði hækkað um sem nemur hækkun verðlagsgrundvallar frá desember til mars 2025 og að heildsöluverð hækki um sem nemur veginni hækkun lágmarksverðs og hækkunar vinnslu- og dreifingarkostnaðar. Tillagan var samþykkt.

Lágmarksverð mjólkur til bænda hækkar um 1,90%, úr 136,93 kr./ltr í 139,53 kr./ltr. Heildsöluverð mjólkurvara hækkar um 1,96% og heildsöluverð ógerilsneyddrar mjólkur í lausu máli hækkar um 1,91%. Verðbreyting tekur gildi þann 12. maí nk.

4. Endurskoðun iðnaðarlíkans

Lagt fram minnisblað um endurskoðun reiknilíkana verðlagsnefndar. Í kjölfar endurskoðunar búvörusamninga var settur á fót starfshópur um verðlagsmál í nautgriparékt sem lauk störfum 2021. Ráðuneytið óskaði eftir því að verðlagsnefnd tæki tillögurnar til umfjöllunar en þar á meðal var lagt til að reiknilíkon yrðu endurskoðuð. Verðlagsnefnd 2022-2024 tók verðlagsgrundvöll til endurskoðunar og því tímabært að nefndin taki til skoðunar hvort tilefni sé til sambærilegrar endurskoðunar á iðnaðarlíkaninu. Ákveðið var að áður en lengra yrði haldið verði tilboða leitað í umsögn eða staðfestingu á að líkanið endurspegli vinnslu- og dreifingarkostnað mjólkurvara með sannarlegum hætti. Næstu skref verða ákveðin þegar úttekt liggur fyrir.

5. Ályktanir deildarfundar nautgripabænda 2025

Lagt fram erindi frá BÍ þar sem samþykktum ályktunum af deildarfundum nautgripabænda þann 27. febrúar sl. er komið á framfæri. Í erindinu er þess óskað að verðlagsnefnd meti

framleiðslukostnað á nautgripakjöti og hann sé skráður af nefndinni. Jafnframt er því beint til nefndar að fundargerðir verðlagsnefndar séu birtar fljótt eftir fundi nefndarinnar og reglulega. Ákveðið að ráðuneyti taki saman minnisblað um hvort fyrrnefnda ályktunin heyri undir hlutverk nefndarinnar og sé í samræmi við ákvæði búvörulaga. Verður tekið fyrir aftur á næsta fundi. Síðarnefnda ályktunin var tekin til greina.

6. Önnur mál

Umræður um mikinn mismun milli lágmarksverðs mjólkur og framleiðslukostnað skv. verðlagsgrundvelli. Ákveðið að formaður eigi fund með ráðherra um hlutverk verðlagsnefndar í því efni og hver næstu skref skuli vera.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:45.

Tryggvi Þór Herbertsson

Arnar Freyr Einarsson